

GÖNGULEIÐIR



SPÁKONUFELL

SPÓKAR SIG Í SPARIFÖTUM



Ásýnd Spákonufells fer að sjálfsögðu eftir árstíðunum og munurinn er mikill. Báðar myndirnar eru teknar á sömu slóðum, sú til vinstri í lok ágúst en hin fimm mánuðum síðar, í byrjun febrúar.



Á myndinni vinstra megin er Spákonufell hulið skjýjum kaldrar norðaustanáttar sem á það til að ryðjast með offorsi yfir Skagastrandarfjöllin svo hitastigið lækkar þrátt fyrir sól á heiðum himni. Á myndinni hægra megin, sem tekin er austan undir Molduxa, varpar skammdægissólin geislum sínum á Borgarhausinn. Þarna er skarðið og einstigið sem rætt er um í leiðarlýsingunum.



Mín bernskuár á Skagaströnd

*Ó, Borgin mín, þú ert friðust fjalla,
ég fyllist lotningu gagnvart þér
og finn að á mig þú ert að kalla.
Það endurhljómar í hjarta mér.*

*Hér vil ég una uns lífi lýkur,
hér liggja bernskunnar fyrstu spor.
Og þegar brimið um boða rýkur,
mér birtast aftur hin liðnu vor.*



Borgarhausinn að sunnanverðu. Beint fyrir neðan er Landsúðurskál og vinstra megin er Stóri-Speni. Frá honum er gengið að hömrunum og svo upp. Þar sem myndin er tekin í gegnum aðdráttarlínu virðast hamrarnir brattari en þeir eru í raun. Borgarhausinn er hins vegar marsléttur að ofan og jafnvel má greina vörðuna sem lítinn, dökkan díl.

Fyrsta og síðasta erindi af fjórum í ljóði sem Kristján A. Hjartarson orti. Bróðir hans, Hallbjörn Hjartarson kántrýkóngur, samdi vinsælt lag við það. Líklega kemst þetta lag næst því að vera „þjóðsöngur“ Skagstrendinga.

Útgefandi: Sveitarfélagið Skagaströnd 2009.
Texti og umsjón með útgáfu: Sigurður Sigurðarson og Ingibergur Guðmundsson.
Texti um jarðfræði: Kristján Sæmundsson.
Myndir: Sigurður Sigurðarson og Guðbjörg B. Viggósdóttir (bls. 7, mynd af Borgarhaus).
Umbrot: Hugverkasmíðja/Helgi Sigurðsson.
Prentun: Nýprent, Sauðárkróki.



Myndin er tekin af Borgarhausnum og horft til Spákonufellshöfða.

Spókar sig í sparifötum

Spákonufell á Skagaströnd er einstaklega fallegt fjall og frábært til útivistar. Margar góðar gönguleiðir eru á fjallið og þar má njóta útiveru jafnt sumar sem vetur, gangandi eða á gönguskiðum.

Fjallið er ýmist nefnt **Spákonufell** eða **Spákonufellsborg**. Með „borg“ er átt við efsta hluta fjallsins sem kringdur er miklu hamrabelti. Sú venja hefur skapast meðal Skagstrendinga að tala um **Borgarhausinn** og er þá átt við hvort tveggja; hamrana og toppinn. Þegar Skagstrendingar fara hins vegar upp í **Borg** leggja þeir leið sína í skógræktina og berjahlíðarnar í vestanverðu fjallinu.



Á milli gamla Kaupfélagshússins og klettsins Einbúa sér til Spákonufells sem baðar sig í kvöldsólinni.

Út við ysta sæ ...

Spákonufell á Skagaströnd er bæjarfjall Skagstrendinga og setur mikinn svip á umhverfið. Og svo mikils er fjallið metið að það er í merki sveitarfélagsins. Skagaströnd er nútímalegur bær og þar fléttast saman atvinnulífið og sagan. Yfir og allt um kring er fögur og gróðursæl náttúran og í mannlífinu ríkir einstök menningin, blómleg og lifandi.

Tónlistin hljómar frá útvarpi kántrýkónsins, hins eina og sanna **Hallbjörns Hjartarsonar**. Seiðandi matarilminn leggur frá **Kántrýbæ** sem er engum veitingastað líkur, heimsfrægur á Íslandi og flestum finnst eftirsóknarvert að hafa notið veitinga í þessu sögufræga húsi.



Spákonufell vakir yfir byggðinni á Skagaströnd enda er það sannkallað bæjarfjall.

Listamenn sinna störfum sínum í **Nes listamiðstöðinni**. Þeir koma frá öllum heims-álfum og dvelja um stund fjarri skarkala heimsins. Og hvar er betra að vera en „út við ysta sæ“?

Í gömlu, fallegu húsi við sjóinn stendur kaffihúsið **Bjarmanes**. Þar er vel tekið á móti gestum.

Spákonufellshöfði er vinsælt útivistarsvæði. Þar hafa *gönguleiðir* verið merktar og *fræðsluskilti* um fugla og gróður sett upp. Á björtum sumarkvöldum má sjá þar mið-nætursólina setjast við hafsbrún í norðri.

Sundlaugin er lítil en notaleg og sá skemmtilegi siður hefur skapast þar að gestir fá *kaffi* í heita pottinn. **Tjaldsvæðið** er einstaklega fallegt, skjólsælt og rúmgott með glæsilegu *þjónustuhúsi*. Nóg pláss er fyrir tjaldvagna, húsbíla og hjólhýsi – allt **gjaldfrjálst**.

Örskammt frá er **Háagerðisvöllur**, laglega hannaður og krefjandi níu holu **golfvöllur** Skagstrendinga.

Við **höfnina** er alltaf líf og fjör, fiskurinn skiptir bæjarfélagið máli en samt má ekki gleyma því að miklu fleira er í askana látið á Skagaströnd.

Spákonan

Fjallið er kennt við Þórdísi spákonu sem var landnámsmaður og byggði bæ sinn undir því. Sagnir um hana eru misvísandi. Í Kormákssögu segir: „Kona hét Þórdís og illa lynd. Hún bjó að



Og þannig er útsýnið stundum á heitum sumardögum þegar horft er frá Spákonufelli yfir Skagaströnd og Húnaflóa.

Spákonufelli á Skagaströnd. Hins vegar segir í Vatnsdælasögu að hún hafi verið „mikils verð og vel kunnandi“.

Þórdís var talin mikill höfðingi og er meðal annars þekkt fyrir að hafa fóstað fyrsta kristniboða Íslendinga, Þorvald Koðráns-son, sem nefndur var hinn víðförli. Hann þótti hraustur og hugprúður kappi, ávann sér virðingu heiðinna manna og gat þess vegna stundað trúboð hér á landi frá 981 til 986.

Líkt og Egill Skallagrímsson, sem faldi fjársjóð sinn þegar hann varð gamall, fór Þórdís með auðæfi sín í veglegri kistu upp í **Spákonufellsborg** og setti hana þar á klettasyllu. Hún lagði svo á að engin kona gæti eignast fjársjóðinn nema sú sem hvorki væri skírð í nafni heilagrar þrenningar né nokkur góður guðstitill kenndur. Slíkri konu myndi auðnast að sjá kistuna þar sem aðrir sæju bergið eitt. Kæmu þá hrafnar tveir með lykilinn að kistunni.

Spákonuarfur

Á Skagaströnd er starfandi Menningarfélagið Spákonuarfur en það stendur fyrir ýms-um menningarverkefnum tengdum Þórdísi spákonu. Stærsta viðfangsefnið er að koma upp Spákonuhofi og Þórdísarstofu. Spákonuhof á að vera miðstöð spádóma og rannsókna á spám á Íslandi, þar verður spáð fyrir ferðamönnum og gestum og alls konar spár kynntar.

Í Þórdísarstofu verður Þórdísar spákonu minnst með fjölbreyttum hætti. Unnið hefur verið að ýmsum verkefnum í tengslum við Þórdísi, m.a. má nefna Þórdísargöngur á Spákonufell og leiksýningu um Þórdísi.



Göngufólk áir við Álfastein og í baksýn sér yfir Húnaflóa. Á litlu myndinni fyrir neðan er hópur fólks á göngustignum í Hólkotsbrekku, rétt í upphafi ferðar.

Norðurleiðin (A)




Gönguleið	Fram og til baka eða hringleið
Vegalengd	Um 3,3 km upp á topp
Göngutími	Yfirleitt innan við 2 klst. upp
Landslag	Bratt en auðvelt uppgöngu
Hækkun	570 m
Mesta hæð	639 m

Norðurleiðinni á Spákonufell má skipta í fjóra hluta

Frá **bílastæði** og upp að **Álfasteini**. Gangan hefst skammt frá húsunum á golfvelli Skagstrendinga austan vegar. Gengið er í gegnum hlið og stikunum fylgt yfir holtið. Farið er framhjá vatnsgeymi golfvallarins og meðfram lágum, grasivöxnum hliðum. Þar eykst brattinn og gróðurinn minnkar. Stefnt er að stórum, stökum steini sem oft er nefndur *Álfasteinn*. Þar er tilvalinn áningarstaður.

Frá **Álfasteini** er gengið skáhallt upp brattann fyrir ofan. Uppi minnkar brattinn og verður jafnari allt upp í **Leynidali**. Frekar lítill gróður er á þessu svæði. Að margra mati er þessi hluti gönguleiðarinnar sá strembnasti á allri leiðinni.

Leynidalir eru ekki brattir og því léttir yfirferðar þar er talsverður gróður. Stefnt



Gönguhópurinn fetar sig upp hliðina undir Borgarhausnum. Þarna er stutt á toppinn.


er þvert yfir dalina á skarðið austan við **Borgarhausinn**. Á miðri leið eru stór björg sem hrúnið hafa úr hömrnunum. Ef til vill má þar finna *Grákollusteinn* en þjóðsagan segir að Þórdís spákona hafi varpað honum af fjallinu og á kindina Grákollu sem fór svo óskaplega í taugarnar á henni. Við eitthvert bjargið er annar ákjósanlegur áningarstaður.

Á **Borgarhausinn** er nokkuð bratt upp úr **Leynidölum**. Hlíðin er þó vel gróin og fast er undir fæti alveg upp á **Moldhrygg**, skarðið sem er á milli **Borgarhauss** og **Náttmálafjalls**. Á vorin og snemmsumars er oft snjóskafli í gildragi í hliðinni og stundum þarf að ganga yfir hann sem getur verið varasamt ef snjórinn er harður. **Moldhryggur** er nokkuð mjór, af honum sér niður í **Hrafndal**. Stuttur gangur er nú á toppinn.

Norðurleiðina má stytta um tæpan einn kílómetra með því að aka inn að bænum *Brandaskarði*. Nokkru áður er komið að stórrí skemmu. Beygt er upp fyrir hana og þar hjá er hlið sem ekið er í gegnum, upp eftir moldarslóða að tröppum yfir girðingu. Þaðan er stuttur spölur inn á gönguleiðina eða upp að *Álfasteini*.



Borgarhausinn, nærri eitthundrað metra háir hamrar sem horfa til vesturs, út yfir Skagaströnd og Húnaflóa. Undir þeim er afskaplega falleg gönguleið.





Suðurlíð Spákonufells. Þarna upp hrygginn liggur góð gönguleið, Suðurleiðin, merkt (B) á kortinu. Tívisvar verður sá feginn sem á steinninn sest.

Suðurleiðin (B)



Gönguleið	Fram og til baka eða hringleið
Vegalengd	Um 1,7 km upp á topp
Göngutími	Yfirleitt innan við 2 klst. upp
Landslag	Bratt, klettabelti efst
Hækkun	526 m
Mesta hæð	639 m

Gangan hefst við mynni **Hrafnalds**, við skíðaskálann. Hann stendur fyrir neðan breiðan og gróðurlítinn hrygg sem nær allt upp að hamrabeltinu, **Borgarhausnum**. Hryggurinn er víða nokkuð brattur og laus undir fæti en gangan er afar skemmtileg og fjölbreytileg og útsýnið alls staðar einstaklega fallegt. Best er að halda sig á miðjum hryggnum. Neðri hlutinn getur þó verið mjög blautur og forugur á vorin og er þá best að ganga upp snjóskafli eða þar sem berg er undir. Oft getur göngumanni orðið fótaskortur þar sem smágerð mól er á hörðu bergi og því vissara að fara varlega.

Ofarlega eru tveir tindar, **Litli-** og **Stóri-Speni**. Betra er að ganga utan við þann **Litla**, sem er neðar og innan við þann **Stóra**. Gengið er frá honum beint upp í klettabeltið sem er ekki eins bratt og það virðist vera við fyrstu sýn. Hamarnir eru ekki ósvipaðir þeim í **Pverfellshorni** á **Esju** sem margir hafa farið. Grjótið er þó lausara í sér og þar af leiðandi vissara að fara varlega.



Borgarhausinn að sunnanverðu. Eftir ljósa hryggnum liggur gönguleiðin og af honum er stutt upp í hamrana. Flestir fara upp á Hausinn eftir svipaðri leið og merkt er inn á myndina.

Aðrar gönguleiðir

Nefna má þrjár aðrar gönguleiðir á **Spákonufell**. Þær eru að vísu lítið farnar en engu að síður vel færar og gefa enn meiri möguleika á að njóta fjallsins.

Grenjadalsleiðin (C) er eiginlega útdúrdúr frá norðurleiðinni (A) sem fyrst var nefnd. Frá svokölluðum **Álfasteini** er gengið áfram suður með vesturhlíð fjallsins og stefnt upp í lítið dalverpi fyrir neðan **Molduxa** sem kallast **Grenjadalur**. Leiðin er ekki stíkuð, hækkunin er frekar aflíðandi og létt en hliðarhalli er talsverður. Frá dalnum er svo gengið bratt upp í skarðið milli **Molduxa** og **Borgarhaus**.

Stórhólaleiðin (D) liggur uppfornt berghlaup, hóla, sem eru greinilegir undir **Stóra-Spena** í vesturhlíð Spákonufells. Ekið er veginn sem liggur upp í **Hrafnadal**. Beygt er út af honum til vinstri og ekið framhjá brotajárnssvæðinu og að skógræktargirðingunni. Þaðan er þurr og góð leið að hólunum. Leiðin upp er mjög auðveld og komið er inn á suðurleiðina (B) sem nefnd var hér að framan.

Austurleiðin (E) liggur um **Náttmálafjall**, fjallið austan við **Borgarhaus**. Sjaldnast er gengið á **Spákonufell** úr austri. Leiðin er löng en þó vel greið og afar skemmtileg. Hér er sérstaklega mælt með því að ganga af **Borgarhausnum**, um **Moldhrygg**, út á **Náttmálafjall**, og þaðan niður í **Hrafnadal**. Þar er komið á vegslóða sem liggur út dalinn.

Borgarhausinn, toppurinn (F)

Velja má um margar fallegar leiðir upp á **Spákonufell** en eftir er að segja frá því stórkostlegasta sem fjallið býður upp á en það er sjálfur **Borgarhausinn**, efsti hlutinn. Fyrir ofan hamrana er stór mosavaxin slétta, þar væri líklega hægt að koma fyrir



Hópur göngumanna í Þórdísargöngu á Spákonufell laugardaginn 16. ágúst 2008. Eins og sjá má er fólk af öllum aldri í ferðinni.



fjórum knattspyrnuvöllum í fullri stærð. Og útsýnið, maður lifandi. Það er afar tilkomumikið.


Norðan megin er stór varða og við hana má fá þokkalegt skjól og alveg tilvalið að taka upp nestið. Svo er ekki úr vegi að rita nafn sitt í gestabókina sem geymd er í afar fornlegum kistli í vörðunni, e.t.v. líkum þeim sem Þórdís spákona kom fyrir í hömrinum.

Útsýnisins er best notið með því að ganga eftir brún **Borgarhaussins**, 900 m langan hring, sem er frábær upplifun og skemmtun.

Konfektmolar

Margt er að sjá og ýmislegt að skoða þegar haldið er niður af **Spákonufelli**. Mæla má með ýmsum skemmtilegum stöðum sem yfirleitt eru ekki nema örlítið úr vegi miðað við þá leið sem upp var komið. Þetta eru sannkallaðir konfektmolar fyrir augað.

Einstigi (G) er af **Borgarhausnum** og niður í skarðið milli hans og **Molduxa** eins og áður var getið. Það er mjög bratt og nauðsynlegt að fara afar varlega. Þetta er spennandi gönguleið fyrir þá sem ekki eru mjög lofthréddir.



Norðurlíð Spákonufells og raunar má sjá niður til Skagastrandar. Glögglega má sjá nokkrar gönguleiðir um fjallið og þeirra á meðal þá sem oftast er farin. Á kortinu er hún merkt Norðurlíðin (A). Myndin er tekin um miðjan maí 2009 og sá snjór sem oft er í Spákonufelli hverfur yfirleitt allur þegar líða tekur á sumarið.

Efri-leið (H) má nefna gönguleið sem liggur fyrir neðan hamrana norðan í **Borgarhausnum** nokkru ofan við hefðbundna gönguleið um **Leynidali**. Af **Moldhrygg** er farið hálfa leið niður hlíðina og þar er stikaður stígur á vinstri hönd. Hann liggur í sveig með dölunum, undir **Molduxa**, um **Rauðamel** og **Selhæðir** uns komið er aftur inn á **Norðurlíðina**. Þessi leið er ágæt tilbreyting fyrir þá sem farið hafa oft um **Leynidali**.

Skarðið milli **Molduxa** og **Borgarhauss** er mjög fallegt. Örstutt er upp í skarðið frá **Leynidölum** og því er tilvalið að ganga þaðan upp eða frá **Efri-leið** og virða fyrir sér mikilfenglegt útsýnið.

Molduxi er fallegur hnúkur. Í honum er mosavaxið stórgrýti og þar er ágætt skjól í norðanátt og einkar fallegt útsýni til **Skagastrandar**.

Borgarstíg (I) má kalla yndislega gönguleið undir vesturhömrum **Borgarhauss**. Hann liggur á milli skarðsins við **Molduxa** sem áður var um getið og suðurleiðar á fjallið. Ef mæla má með einhverjum einum stað á **Spákonufelli** þá er þessi áreiðanlega meðal þeirra eftirsóknarverðustu.

Undir gríðarlega háum vesturhömrunum verður oft mjög hlýtt, þar horfa þeir móti sólu og þar er gott skjól fyrir kaldri norðan- eða norðaustanáttinni. Hvar sem ætlunin er að ganga niður af fjallinu er tilvalið að leggja stuttan krók á leið sína og dvelja um stund einhvers staðar á **Borgarstíg**, njóta útsýnisins, sólarhitans og jafnvel láta sér líða í brjóst.



Á litlu myndinni er göngumaður á Borgarhausnum og í fjarska sér til Skagafjarðar, þar er Málmei og enn fjær utanverður Tröllaskagi.

Á myndinni má því sem næst sjá alla suðurhlíð Spákonufells og hvernig Hrafnadalur sveigir til norðurs og grynngar eftir því sem ofar dregur á Skagaheiði.

Spákonufellshringur (J)



Gönguleið	Hringleið
Vegalengd	15 km
Göngutími	4-6 klst.
Landslag	Aflíðandi að mestu
Hækkun	261 m
Mesta hæð	347 m

Ágæt gönguleið er í kringum Spákonufell. Hún er að langmestu leyti mjög auðveld og á allra færi. Hins vegar skiptir nokkru hvar lagt er upp. Um tvo staði er einkum að ræða, annars vegar frá skíðaskálanum við mynni Hrafnalds, hins vegar golfvellingum við Háagerði.

Hér er miðað við að gengið sé frá skíðaskálanum. Vegur liggur inn **Hrafnadal** norðan árinna og þar sem hann endar fer dalurinn að þrengjast. Hann sveigir til norðurs og fylgt er gömlum og mjóum vegarslóða.

Pegar sést inn eftir endilöngum dalnum, hvernig hann hækkar og grynngar, er gott að ganga skáhallt upp í **Brandaskarð**, það er léttara.

Í skarðinu er tjörn þar sem heldur sig álftapar á sumrin. Þar var áður sel frá Finnsstöðum og dregur tjörnina nafn sitt af því. Norðan megin er bratt upp í **Katlafjall**. **Náttmálafjall**, sem er vinstra megin, er meira aflíðandi og stöllótt.

Sunnan við **Finnsstaðatjörn** er greinileg kindagata sem hlykkjast á milli stórra þúfna

og er henni fylgt. Í fjarlægð má sjá girðingu en ekki borgar sig að fylgja henni því hún liggur niður í mýrar sem eru frekar leiðinlegar fyrir göngufólk.

Í staðinn er reynt að halda hæð og stefnan úr þúfnaverinu er sett nokkuð upp í hlíðar Náttmálafjalls, upp í melkollana. Stefnt er að neðri hluta Leynidala og þar inn á norðurleiðina (A) á Spákonufell.

Flestar leiðir um **Spákonufell** tengjast og hægt er að ganga einhverja af þeim sem sýndar eru á kortinu og komast þannig niður að skíðaskálanum. Hér er þó lagt til að Norðurleiðinni sé fylgt niður að golfvelli. Þaðan eru um þrír kílómetrar eftir þjóðveginum að Hrafnaldsvegi og eftir honum um kílómetri að skíðaskálanum.

Jarðfræðin

Skagaströnd er norðan til í tertíeru eldfjalli (megineldstöð). Það var rúmírt tíu kílómetrar í þvermál. Leifarnar eru að hálfu í sjó en austurhellingurinn á landi.

Á ísöld grófst Húnaflói og dalirnir austan hans en þar gefst sýn í innri gerð þessa löngu útbrunna eldfjalls. Í miðsvæði þess eru mjög ummynduð berglög, fjöldi bergganga og tveir allstórir innskotseitlar úr dóleríti og gabbrói, Spákonufellshöfði og Vindhælisstapi. Gangamorið og grænleitt, sundursoðið berg má líta t.d. í Hrafnadal og í fjörunni suður af Vindhæli.

Spákonufell er nyrst í gamla eldfjallinu. Norðan þess má í hlíð Skagastrandarfjalla glögglega sjá hallalítil hraunlög leggjast að norðurhallandi hlíð þess.

Þykku klettabeltin efst í Spákonufelli eru hraunlög úr andesíti. Þau runnu seint á virknisíki eldfjallsins og eru samkvæmt aldursgreiningum um 7,5 milljón ára. Virkni þess hefur hafist um 500 þúsund árum fyrr. ■



Spákonufell er svipmikið og fallett fjall ofan við byggðina á Skagaströnd. Það er bæjarfjall Skagstrendinga og fjöldi fólks nýtir sér það til útiveru jafnt sumar sem vetur.

Í þessum bæklingi er lýst helstu gönguleiðum á Spákonufell, birt ítarlegt göngukort og fjöldi mynda. Tilgangurinn með útgáfunni er að kynna fjallið og hvetja fólk til að njóta þess.

Jón frá Ljárskógum var söngvari og hagrörðingur á fyrri hluta síðustu aldar. Hann gat ekki stillt sig er hann kom til Skagastrandar og orti litla en snjalla vísu sem í senn er ógleymanleg bæjar- og náttúrulýsing:

*Keyri ég á gömlum götum,
gleði mín er dæmalaus.
Spókar sig í sparifötum
Spákonufellsborgarhaus.*



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

www.skagatrond.is